

Stjórnarfundur SKÍ

nr. 1667 – 17. október 2024, kl. 15:30 – 17:40 – fjarfundur

Efni fundarins:	11. stjórnarfundur SKÍ 2023 – 2025.
Fundarstjóri:	Bjarni Theódór Bjarnason formaður.
Fundarritari:	Jónas Egilsson.
Þátttakendur:	Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Gísli Reynisson gjaldkeri, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinanevndar, Aðalsteinn Valdimarsson, formaður snjóþrettanevndar, Einar Ólafsson formaður skíðagöngunefndar, Veronika Lagun formaður skíðaskotfiminevndar, Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri. og Jónas Egilsson framkvæmdastjóri.
Fjarverandi:	Jón Egill Sveinsson varaformaður og Hugrún Elvarsdóttir ritari.

Fundardagskrá

- Fundargerð síðasta fundar, nr. 1666**
- Niðurstöður 75. Skíðþings**
 - Þinggerð
 - Lagabreytingar
 - Breytingar á reglugerðum
 - Ályktanir þingsins
- Fjármál**
 - Uppgjör FIS 2024 og Infront styrkur
 - Staða félaga og einstaklinga gagnvart SKÍ
 - Hugmynd um styrkjakerfi f. SKÍ og íþróttamenn, sjá útfærslu BLÍ [hér](#).
- Nefndaskipan**
 - Tillaga um tvo fulltrúa í Skíðaskotfiminevnd: Einar Ólafsson, Elsa Björk Jónsdóttir
 - Tillaga um nýjan fulltrúa í Skíðagöngunefnd: Þorsteinn Hymer
 - Tillaga um viðbótarfulltrúa í Snjóþrettanevnd: Grímur Rúnarsson
- Minnisblað Reykjavíkurborgar, dags. 27. sept. 2024 um skíðahús**
- Þing og fundir**
 - Þing IBU
 - Fundir FIS í Zürich
 - Formannafundur ÍSÍ, 22. nóvember nk.
- Mál til kynningar**
 - Námskeið fyrir íslenska dómara á snjóþrettum 9.-10. nóvember nk.
 - Þátttaka í „Women Lead Sport“ á vegum FIS
 - FIS Development Alpine Training Camp
- Önnur mál**
 - Greiðslukortayfirlit SKÍ
 - Fundur vetraríþróttasambanda, sjá minnispunkta

Fundargerð

Fundur settur kl. 15.31.

Formaður bauð Veroniku Lagun, nýkjörin stjórnarmann og formann skíðaskotfiminefndar velkomna til starfa.

1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1666

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

2. Niðurstöður 75. Skíðapings

2.1. Þinggerð 75. Skíðapings lögð fram.

2.2. Lagabreytingar. Lagabreytingar sendar ÍSÍ til staðfestingar og ný lög verða birt á heimasíðu og breytingar skynntar fyrir IBU.

2.3. Breytingar á reglugerðum. Nýjar reglugerðir eru í vinnslu og verða birtar á heimasíðu og kynntar þegar endanleg útgáfa liggur fyrir.

2.4. Ályktanir og aðrar niðurstöður þings.

- Endurskoða þarf fjárhagsáætlun í ljósi breyttra forsendna.
- Vegna ályktunar um bætt samskipti var starfsm. falið að endurskoða póstlista og jafnframt að tilkynna móttöku erinda sem berast sambandinu.
- Framkvæmdastjóra falið að skoða möguleg áhrif breytinga á skráningargjaldi sambandsins.

Framkvæmdastjóra falið að kynna aðildarfélögum og öðrum niðurstöður þingsins.

3. Fjármál

3.1. Uppgjör FIS 2024 og Infront styrkur – Yfirlit um greiðslur FIS lagt fram. Vegna samnings FIS við Infront um sýningarrétt á mótum þess hefur FIS greitt aðildarfélögum sínum fyrstu af þremur greiðslum vegna aukinna tekna FIS.

3.2. Staða félaga og einstaklinga gagnvart SKÍ – Yfirlit um uppgjör mótagreiðslna og greiðslustöðu gagnvart félögum SKÍ, iðkendum lagt fram. Samþykkt að vinna endanlegu uppgjóri við félögin og skuldajafna mótagiöld félaganna gagnvart SKÍ. Enn fremur samþykkt að ljúka við greiðslur styrkja fyrir tímabilið 2022-2023 sem enn eru ógreiddir og aðrar skuldbindingar SKÍ.

3.3. Hugmynd um styrkjakerfi f. SKÍ og íþróttamenn. Einar Ólafsson fór yfir hugmynd um nýtt styrkjakerfi fyrir SKÍ. Samþykkt að starfsmenn skoði og útfæri þessa hugmynd fyrir SKÍ og landsliðsfólk.

Framkvæmdastjóra falið að greiða upp lán sambandsins í viðskiptabanka þess sem fyrst. Ennfremur samþykkt að leggja eftirstöðvar af Infront styrk inn á hávaxtareikning í viðskiptabanka sambandsins til síðari tíma.

4. Nefndaskipan

4.1. Tillaga um tvo fulltrúa í Skíðaskotfiminefnd: Einar Ólafsson, Elsa Björk Jónsdóttir. Samþykkt.

4.2. Tillaga um nýjan fulltrúa í Skíðagöngunefnd: Þorsteinn Hymer. Samþykkt.

4.3. Tillaga um viðbótarfulltrúa í Snjóþrettanefnd: Grímur Rúnarsson. Samþykkt.

5. Minnisblað Reykjavíkurborgar, dags. 27. sept. 2024 um skíðahús

Einar Ólafsson fór yfir ofangreint minnisblað Reykjavíkurborgar. Skv. því er nauðsynlegt að endurskoða áætlanir um hvernig staðið verði að uppbyggingu skíðahúss í Reykjavík. Vinnuhópur SKÍ á fund með Reykjavíkurborg miðvikudaginn 23. okt. nk.

6. Þing og fundir

6.1. Þing IBU. Þingið sóttu Bjarni Th. Bjarnason formaður, Einar Ólafsson form. undirbúningsnefndar og Jónas Egilsson framkvæmdastjóri.

- 6.2. Fundir FIS í Zürich. Fundina sóttu Bjarni Th. Bjarnason formaður, Jónas Egilsson framkvæmdastjóri og Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri. Auk þess óskaði formaður FIS eftir fundi með formanni og framkvæmdastjóra SKÍ í Zürich og þá var haldinn samráðsfundur norrænna og balneskra sambanda um sameiginleg málefni.
- 6.3. Formannafundur ÍSÍ, er boðaður 22. nóvember nk. Til hans eru boðaðir formaður og framkvæmdastjóri.

7. Mál til kynningar

- 7.1. Námskeið fyrir íslenska dómara á snjóþrettum 9.-10. nóvember nk. í Reykjavík. Leiðbeinandi verður Iztok Sumatic alþjóðlegur dómari og eftirlitsmaður á snjóþrettum.
- 7.2. Þátttaka í „Women Lead Sport“ á vegum FIS. Margréti Evu Þórðardóttir er boðin þátttaka á þessu námskeiði á vegum FIS.
- 7.3. FIS Development Alpine Training Camp. SKÍ stendur til boða að senda tvo einstaklinga í æfingabúðir frá 24. nóvember til 21. desember nk. Þátttaka í fleiri æfingabúðum er í undirbúningi.

8. Önnur mál

- 8.1. Greiðslukortayfirlit SKÍ. Óskað hefur verið eftir yfirliti allra greiðslukorta á vegum SKÍ sl. tvö ár. Samþykkt að sýna þeim stjórnarmönnum sem þess óska yfirlit allra greiðslukorta á vegum SKÍ. Sigurður óskaði eftir yfirliti um kostnað vegna einstra ferða og funda stjórnarmanna SKÍ.
- 8.2. Fundur vetraríþróttasambanda. Minnispunktar frá fundi SKÍ, ÍSS með fulltrúum Akureyrarbæjar, Vetraríþróttamiðstöðvarinnar, ÍSÍ og ÍBA, dags. 14. okt. lagðir fram.
- 8.3. Brynja ræddi almennt atvik í nýafstöðnum æfingabúðum. Henni falið að ræða við hlutaðeigandi um málið.

Fundi slitið kl. 17:40.

Jónas Egilsson ritaði fundargerð.